

Nr. 21/1887.

Rjettvísín

gegn

Edílon Stefánssyni.

## Úrskurður:

Áður en fullnaðardómur verði lagður á þetta mál, virðist nauðsyn til bera, að hjeradsdómarinn útvegi þær ýtarlegri skýrslur, er nú skal greina:

1. Hvort hinn ákærði hafi í fyrstu göngum í haust er leið verið sendur austur yfir Eyjafjarðará (í Öngulstaðarjett) til þess að sækja úrgang þann, er ganga skyldi vestur yfir ána, og hver hann hafi sent, húsbóndi hans eða þeir sýslunarmenn, er stóðu fyrir fjárskilum, og hvort hann hafi verið einsamall eða fleiri með honum, sendir í sama erindi, og hafi þeir verið fleiri, ber að útvega skýrslu þeirra og ákærða um, hvernig á því hafi staðið, að kindur, sem heima áttu fyrir austan Eyjafjarðará, voru reknar með í úrganginum vestur yfir ána, og hvort þær hafi verið teknar í rjettinni, og hver hafi dregið þær þar, hinn ákærði, þeir sem með honum kunna að hafa verið, eða aðrir.
2. Ber ýtarlega að yfirheyra hinn ákærða um, hvaða mark hafi verið á sauð þeim, er hann kveðst hafa tekið og látið selja á markaði að Grund, og um, hvort ekki hafi verið á honum hornamark, og kannist hann við það, þá hvaða mark það hafi verið, svo og hvort hann ekki hafi verið lagðaður.
3. Ber að útvega nánari skýrslu Sigurgeirs á Öngulstöðum um, hvort hans klára mark hafi verið á sauðnum, eða hafi það ekki verið, hvaðan sauðurinn hafi verið að fenginn.

4. Ber að útvega framburð hins ákærða um, hvar hann hafi handsamað kindur þær, er hann í öðrum og þriðju göngum síðastliðið haust kastaði eign sinni á, hvort hann hafi tekið þær í fjárhúsum, kvíum eða úti á víðavangi í búfjárhögum á Hrafnagili, og hvort þær hafi komið sjálfkrafa í heimafjeð, eða verið reknar þangað, eða orðið þar eptir úr rekstri.
5. Ber að útvega skýrslu Solveigar Brynjólfsdóttur og Valgerðar Sigurðardóttur fyrir rjetti um, hvort þær í haust er var hafi misst nokkra sauðkind, og hafi það verið, hvernig markið hafi verið á þeim.
6. Svo ber hjeradsdómaranum og að útvega aðrar þær skýrslur og sannanir, sem hinar framan-heimtuðu skýrslur kunna að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Hjeradsdómaranum ber að útvega skýrslur þær, sem að framan um getur, svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 23. maímán.

Nr. 28/1886.

Rjettvísinn

gegn

Ásmundi Jónssyni.

Dómur:

Eptir að hinn ákærði, Ásmundur Jónsson, er stóð í skuld við kaupmann Tulinius á Eskifirði um rúmar 600 krónur, hafði fyrir hlutaðeigandi sættanefnd, hinn 21. júlímán. 1885, gjört þann samning við Tulinius um greiðslu skuldarinnar, að hann skyldi greiða 200 kr. innan hálfsmánaðar frá dagsetningu sáttargjörðarinnar, og síðan